

Nr. 19-134 S 079 Vera***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr.: 2988
Smíðaður: England, 1989, trefjaplast.
Útgerð: Pálsson ehf
Stærð: 39 bt.
Mesta lengd: 20,57 m *Skráð lengd*: 18,47 m
breidd: 5,24 m *Dýpt*: 2,54 m
Vél: Perkins 138,01 kw, árg: 1985.
Fjöldi skipverja: 3
Fjöldi farþega: 0



Vera©Vera Expeditions

Gögn:

Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. ágúst 2019 var seglskútan Vera að koma til hafnar á Akureyri. Veður: NA 8 m/s. (*Síglunes*).

Skútan var undir vélarafli fyrir utan höfnina á Akureyri og voru skipverjarnir að taka niður seglin. Einn þeirra stóð á lágru yfirbyggingu á afturhluta skútunnar, aftan við stýrishúsið, þegar bóma seglskútunnar sveiflaðist til hliðar og slóst í höfuð hans með þeim afleiðingum að hann féll niður á aðalþilfar skútunnar. Verkjaði hann strax mikið og var hann fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að við fallið brotnuðu rifbein og gat kom á annað lungað, sem féll saman, og einnig voru áverkar á fæti.
- að skipverjinn var að greiða úr flækju úr annarri blökk, sem fest var niður í þilfarið, þegar hann fékk blökk sem hékk neðan í bómunni í höfuðið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.